

Dags. fundar: 03.12.2012	Tími: 17.15	Nr. fundar: 28
Fundarboðari: Ákveðið á síðasta fundi	Fundarritari: Svanhvít G Jóhannsdóttir	Staður: Laugardalslaug. Efri hæð

Efni fundar:

1. Bikar 2012.
2. RIG.
3. Langsundsmót ÍRB.
4. Dómaralistinn.
5. Dómaranámskeið.
6. Gullmót KR-alþjóðlegir dómara.
7. Trúnaðarmál.
8. Skráning Íslandsmeta á SSÍ mótum, umgengi í tæknibúri.
9. Yfirdómarafundur.
10. Staðfesting á alþjóðlegum dómurum

Viðstaddir: Svahvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Práinsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Forföll boðuð: Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir og Steinunn R. Einarsdóttir

Dagskrá:

1. Rætt var um Bikarkeppnina 2012, hvar hún yrði haldin og hvenær. Minnst á að halda hana í Kópavogslaug vegna lokunar Laugardalslaugar á þessum tíma en áætlað var að reyna að halda mótið rétt fyrir jólin eða jafnvel í janúar. Ákveðið að fresta mótinu um jólatímabilið vegna manneklu á þeim dögum sem fyrirhugað var að halda mótið. Ef það yrði 12.-13. janúar gæti þá verið allur laugardagurinn og fyrir hádegi á sunnudag
2. Rætt um bæði RIG mótin, þ.e fatlaðra sem er dagana 18.-20. janúar en RIG REK er 25.-27. janúar. Alþjóðlegur dómari kemur að utan Andrea Thielenhaus frá Luxembourg kemur á REK-mótið ásamt því að Ólafur Baldursson og Svanhvít G Jóhannsdóttir dæmar þar einnig en íslenskir dómara verða á RIG fatlaðra.
3. Langsundsmót ÍRB var haldið í nóvember og þar voru yfirdómarar Sigmar Björnsson og Sigurpór Sævarsson en einnig voru dómara að dæma þar sem eru ekki á lista yfir dómara. Þarf að athuga vel að mót verði að vera rétt mönnum til að teljast lögleg m.t.t lágmarka o.fl.
4. Rætt um að dómaralistinn sé aðgengilegrí á netinu, þ.e hægt að sjá tölvupóst og jafnvel símanúmer.
5. Það bást kvartanir yfir því að fyrirhuguðu dómaranámskeiði sem var áætlað í október væri blásið af en það bást svo fáar skráningar að það var ekki talið stætt á því að halda námskeið fyrir 2-3 einstaklinga. Það er stefnt á að hafa námskeið í byrjun mars á Vormóti Fjölnis sem yrði þá verklegi hluti kennslunnar og bóklegi færi fram í sömu viku þ.e. í lok febrúar. Ákveðið að auglýsa þetta vel hjá félögunum og halda námskeiðið.
6. Gullmót KR er alþjóðlegt mót sem þarf á alþjóðlegum dómurum að halda og vitað er að Birna Björnsdóttir í KR verði þar einhverja hluta og síðan er það í höndum annarra dómara og ræsa að raða sér í stöður en KR-ingar sjá um skráningu á mótið. Gunnlaugur getur verið ræsir á sunnudeginum.

7. Trúnaðarmál – Ólafi Baldurssyni falið að ræða við formann SSÍ, Hörð Oddfríðarson.
8. Í reglugerð SSÍ kveður svo á um skráningu Íslandsmeta á SSÍ mótum að það er í höndum þjálfara, fararstjóra eða keppanda að skrá metin skv 6.gr. lið 3, starfsfólk í tæknibúri á ekki að sjá um skráninguna. Á einu SSÍ-móti var Guðrún Gerða Sigþórsdóttir fengin til að sjá um skráningu meta og tókst það í alla staði mjög vel og voru nefndarmenn sammála því að reyna að fá hana aftur á SSÍ-mót til skráningar á metum. Hún hefur það góða yfirsýn yfir Íslandsmet að það er fengur í manneskju sem henni í þetta starf.
 Gera þarf ákveðnar vinnureglur yfir umgengni í tæknibúri á SSÍ mótum, það eru oft of margir þarna inni og það kom bersýnilega í ljós á ÍM-25 í Hafnarfirði að skerpa þarf á þessu því það voru taldir um 15 manns í einu í búrinu. Það er ógjörningur að starfa undir slíku áreiti og það starfsfólk sem er að vinna vinnuna þarna fær ekki vinnufrið en það ber að virða. Það var ekki gerður samningur við SH vegna ÍM og ýmislegt ekki klárt þegar mótið var að byrja.
 Tæknifólk sem starfar á SSÍ mótum fái póst um niðurröðun í hlutverk og þetta þarf að vera á hreinu þegar mót eru haldin og komið í fastar skorður. Huga þarf að lista yfir tæknifólk svo hægt sé að senda á þau póst og fá þau til starfa í tæknibúri. Gunnlaugur hefur pikkað út vegna búrsins þegar skráning er. Ingibjörg þarf að fá lista yfir tæknifólk vegna pósts og Ragnhildur er með einhver nöfn, stefna á að hafa lista yfir tæknifólk.
9. Farið yfir yfirdómarafundinn sem haldinn var í tengslum við ÍM-25 og þótti hann takast í alla staði vel, góð mæting og vonandi skilar þessi fundur sér góðri vinnu og samhæfingu yfirdómara á mótum framvegis.
10. Alþjóðlegur listi nr. 17 fer í notkun frá 01.01.13 og það hafa þegar verið sendar umsóknir til FINA og óskað eftir skráningu Haraldar, Svanhvítar og Björns sem alþjóðlega dómara og Jóns Kr. og Söruh sem alþjóðlega ræsa.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Listar yfir tæknifólk á mótum SSÍ	RG/ÍELS	Sem fyrst.

Fundi slitið kl: 18.30 Næsti fundur: mánudaginn 7. janúar 2013.